

Ár 2013, þriðjudaginn 16. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Útlendingastofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Útlendingastofnun er ríkisstofnun, sbr. lög nr. 96/2002. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Útlendingastofnunar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 10. september 2012 frá forstjóra Útlendingastofnunar þar sem hann óskar eftir endurskoðun launakjara. Í bréfinu segir að frá því laun forstjóra hafi síðast verið ákvörðuð hafi löggjöf um starfsemi stofnunarinnar verið endurskoðuð, verkefni séu fleiri og flóknari en áður og starfsmönnum hafi fjölgað. Í eðli sínu sé hlutverk stofnunarinnar sýnbreytilegt og helstu verkefni með þeim hætti að þau aukist ár frá ári. Stofnunin gefi út yfir 3500 dvalarleyfi á ári, hælisleitendum fari fjölgandi og fari yfir 100 á árinu 2012, samanborið við 35 á árinu 2009, 52 á árinu 2010 og 76 á árinu 2011. Um aldamótin hafi hælisleitendur einvörðungu verið ungir karlmenn. Samsetning hópsins hafi breyst og nú væru fjölskyldur, konur með börn og ungmenni í auknum mæli í hópi hælisleitenda. Þessi fjölbreytileiki kalli á aukna þekkingu og viðtækari reynslu. Einnig hafi fjöldi umsókna um vegabréfsáritanir aukist og kærumálum fari einnig fjölgandi. Þá segir í bréfinu að á árinu 2004 hafi stofnuninni verið falin ábyrgð á umönnun og aðbúnaði hælisleitenda á meðan þeir eigi umsókn í vinnslu. Hlutverk forstjóra Útlendingastofnunar sé nokkuð frábrugðið verkefnum annarra forstjóra, hvort sem um stórar eða litlar stofnanir sé að ræða, þar sem starfsemi stofnunarinnar sé stöðugt í sviðsljósinu og fari mikill hluti vinnutíma og frítíma forstjóra í að veita viðtöl, en ekki verði hjá því komist að svara fyrirspurnum og gagnrýni fjölmiðla þegar slíkt ber við sökum eðlis verkefna stofnunarinnar. Hlutverk Útlendingastofnunar sé mikilvægt, stofnunin sé útvörður Íslands gagnvart erlendum ríkisborgurum, hún meti hverjir fullnægi skilyrðum til búsetu á Íslandi og hverjir hafi fyrirgert rétti til búsetu eða dvalar. Samstarf sé mikið við innlendar stofnanir og viðtækt samstarf við erlendar stofnanir. Forstjóri Útlendingastofnunar búi við gífurlegt álag frá fjölmiðlum og almenningi og áreiti á einka- og fjölskyldulíf vegna eðlis verkefna stofnunarinnar.

Með bréfum dagsettum 19. september 2012 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Útlendingastofnunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 1. október 2012. Í bréfinu er ekki tekin efnisleg afstaða til erindis forstjórans en fram kemur að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Útlendingastofnunar hafi breyst eða aukist frá því síðast hafi verið úrskurðað um launakjör forstjórans á árinu 1999, að öðru leyti en því sem rakið sé í bréfi hans til kjararáðs. Heiti stofnunarinnar hafi verið breytt í Útlendingastofnun 1. júlí 2002.

Í svari innanríkisráðuneytis dagsettu 8. október 2012 segir að ráðuneytinu þyki eðlilegt að laun forstöðumanna séu endurskoðuð reglulega með tilliti til breyttra aðstæðna í samfélaginu og breytts hlutverks stofnana. Í bréfinu staðfestir ráðuneytið að fjöldi mála hjá Útlendingastofnun hafi aukist mikið á undanförunum árum og álag sömuleiðis. Þá sé það rétt

að fjölmiðlaumfjöllun í kringum málefni stofnunarinnar hafi verið mikil og oft um erfið mál að ræða.

Með bréfi dagsettu 15. október 2012 fékk forstjóri Útlendingastofnunar send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Forstjórinn svaraði með tölvubréfi dagsettu 19. október 2012 og hafði ekki athugasemdir við bréf ráðuneytanna. Kemur fram að Útlendingastofnun sé ríkisstofnun á landsvísu og alþjóðavísu eins og til dæmis ríkisskattstjóri, tollstjóri og ríkislögreglustjóri, en það veiti stofnuninni ákveðna sérstöðu og vægi gagnvart öðrum innlendum sem erlendum stofnunum.

III.

Útlendingastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 96/2002 um útlendinga, reglugerð um útlendinga nr. 53/2003 og reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010. Lög um útlendinga gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi. Með útlendingi er í lögnum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt. Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Lögin kveða einnig á um réttarstöðu útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögnum. Framkvæmd laganna annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld. Ráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði. Þá hefur Útlendingastofnun með höndum málefni sem snerta afgreiðslu ríkisborgararéttar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Útlendingastofnunar en kjaranefnd ákvað forstjóra Útlendingaeftirlitsins laun 17. desember 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á löggjöf og starfsemi Útlendingastofnunar síðan forstjóra voru síðast ákvörðuð laun gefa tilefni til breytinga á launum hans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Útlendingastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. september 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Útlendingastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 133, nú krónur 715.235. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkki 502-132, nú krónur 6.918. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Útlendingastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson